



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 15.01.2020

Kl.: 06:00

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð

Snjóflóð á Flateyri og í Súgandafirði

Lýst var yfir neyðarstigi þann 15. janúar vegna snjóflóða á Flateyri og í Súgandafirði. Þrjú snjóflóð féllu á skömmum tíma á tólfta tímanum á norðanverðum Vestfjörðum. Tvö féllu á og við Flateyri, annað utan við leiðigarða og yfir þá og lenti á húsi þar sem fjórir voru inni. Stúlka grófst í flóðinu og var henni bjargað, aðrir komust út af sjáfsdáðum. Hitt flóðið féll innan við leiðigarðana og alla leið ofan í höfnina þar sem bátar slitnuðu frá og nokkrir sukku. Þá féll enn eitt flóðið úr norðanverðum Súgandafirði niður á Norðureyri og fram í sjó. Við það myndaðist flóðbylgja sem skall á höfninni og fjörunni á Suðureyri þar sem bátar slitnuðu frá og sjór flaut um næstu götur. Tjón liggur ekki fyrir.

Engrar manneskju er saknað.

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkjuð þann 15. janúar kl. 23:56. Samhæfing aðgerða fer fram í Samhæfingarstöðinni.

Aðgerðarstjórn á Ísafirði var virkjuð kl. 23.44.

Samantekt

- Veður – snjóflóðahætta á Vestfjörðum
- Vegakerfi/samgöngur – vegum lokað við Súðavíkurhlíð, Eyrarhlíð, Skutulsfjarðarbraut, Kirkjubólshlíð og Flateyraryveg
- Rýmingar – farið eftir gátlista snjóflóðavaktar Veðurstofunnar
- Lögreglan – samhæfir aðgerðir
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – Starfar í Samhæfingarstöð í Reykjavík
- Björgunarsveitir – Fyrstu viðbrögð og lokanir.
- Neyðarlínan – SMS send á íbúa á Suðureyri og þeir beðnir um að halda kyrru fyrir.
- Rauði krossinn – mikil áfallahjálp framundan.
- Flugsamgöngur – Ófært vegna veðurs
- Landhelgisgæslan –Varðskipið Þór sigldi frá Ísafirði til Flateyrar, m.a. með björgunarsveitarfólk.
- Heilbrigðisstofnanir – samskipti við heilbrigðisstofnanir á svæðinu.
- Eignatjón – betur kannað í birtingu.
- Enduruppbygging –

Staða mála

Veður

Snjóflóðahætta á Vestfjörðum.

Veður á norðanverðum Vestfjörðum og völdum fjörðum.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Næsti sólarhringurinn: Dregur hægt úr vindi um og eftir hádegi, 10-15 m/s undir kvöld (miðvikudagskvöld) á láglandi jafnt sem í fjallahæð. Samhliða minnkandi vind dregur úr ofankomu og verður orðið úrkomulítið í kvöld, miðvikudagskvöld. Aðfaranótt fimmtudags verður hæg austlæg eða breytileg átt, skýjað og úrkomulítið. Það hlýnar heldur er lægir og hiti verður um og jafnvel aðeins yfir frostmarki aðfaranótt fimmtudags og á fimmtudag.

Veðurstofan mun ekki endurmeta ofanflóðaspá fyrr en í birtingu.

Vegakerfi/samgöngur

Vegir við Súðavíkurlíð, Eyrarhlíð, Skutulsfjarðarbraut, Kirkjubólshlíð og Flateyrarveg eru lokaðir vegna snjóflóðahættu samkvæmt Vegagerðinni. Mannaðir voru lokunarpóstar á öllum helstu stöðum. Vegfarendur eru eindregið hvattir til að virða þessar lokunarráðstafanir.

Rýmingar

Gátlisti frá snjóflóðavakt Veðurstofunnar:

Staðir sem huga þarf að: Suðureyri, Minnihlíð, Neðri-Breiðadalur, Höfði í Skutulsfirði, Núpur, Ytri-Veðrará, Fremstuhús, Geirastaðir. Einnig þarf að huga að Barðaströnd, og e.t.v. Patreksfirði og fleiri stöðum á Suðurfjörðunum.

Fjögur hús voru rýmd á Suðureyri og íbúar í efstu húsum á Flateyri yfirgáfu hús sín.

Búfjáreigendur í Engidal eru beðnir um að fylgjast með tilkynningum um veður, færð og öðru á síðu Vegagerðarinnar og facebooksíðu lögreglunnar á Vestfjörðum.

Lögreglan

Samhæfing aðgerða er í höndum lögreglu.

Tveir lögreglumenn fóru með varðskipinu til að meta ástand, tjón og setja upp vettvangsstjórn.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Tveir slökkviliðsmenn í viðbragðsstöðu á Reykjavíkurlflugvelli ef þyrlan færir.

Tveir aðgerðastjórnendur í samhæfingarstöð.

Björgunarsveitir

Í fyrstu voru björgunarsveitir á Suðureyri og Flateyri kallaðar út og stuttu síðar voru allar sveitir við Ísafjarðardjúp kallaðar út. Um 30 björgunarmenn voru sendir með varðskipinu Þór frá Ísafirði til Flateyrar. Auk læknis og sjúkraflutningamanns. Einnig mannaði björgunarsveitafólk lokunarpósta víða, þar sem lokað var vegna snjóflóðahættu.

Flateyri

Björgunarsveitafólk á Flateyri bjargaði ungri stúlku sem grófst í flóðinu og kom henni í öruggt skjól í húsnaði sundlaugarinnar. Engra var saknað og því þurfti ekki að leita að fólki.

Suðureyri

Björgunarsveitafólk kannaði aðstæður eftir að flóðbylgja skall á og fór í það að rýma hús samkvæmt tilmælum frá Veðurstofu.

Neyðarlínan



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Neyðarlínan sendi sms til íbúa á Suðureyri á íslensku og ensku vegna hættu á flóðbylgju í kjölfar frekari flóða þar sem fólk var beðið að halda sig frá hafnarsvæðinu.

Rauði krossinn

Þrír fulltrúar í samhæfingarstöð.

Fullrúi RKÍ á Ísafirði var í aðgerðastjórn.

Fjöldahjálparstöð verður opnuð um leið og áfallateymi frá Ísafirði kemur með þór til Flateyrar þar sem áfallahjálpar verður veitt. Ljóst að þörf er á sálrænum stuðningi í kjölfar atburðanna.

Flugsamgöngur

Ófært vegna veðurs.

Landhelgisgæslan

Varðskipið Þór var staðsett á Ísafirði og hefur verið þar síðan á fimmtudag vegna veðursins. Skipið var strax gert klárt til brottfarar og flutti 24 björgunarsveitarmenn, tvo lögreglumenn og sjúkraflutningamann, auk læknis frá Ísafirði til Flateyrar. Þór komst ekki inn í höfnina en ferjaði fólk með léttbátum í land.

Þylusveit Landhelgisgæslunnar var sömuleiðis kölluð út og var í viðbragðsstöðu á Reykjavíkflugvelli. Ekki reyndist þörf á senda þyluna vestur.

Heilbrigðisstofnanir

Samskipti við heilbrigðisstarfsmenn á svæðinu og þyrlulækni vegna mats á stúlku á Flateyri sem var grafinn úr flóðinu. Samtal við Rauða krossinn hvort þurfi sérhæfða áfallahjálpar.

Eignatjón

Eignatjón er erfitt að meta á þessari stundu, verður kannað betur í birtingu.

Hætta talin á mengun vegna olíutanka sem fóru með flóðinu á Flateyri. Fulltrúi frá Umhverfisstofnun hefur verið upplýstur.

Enduruppbygging

Ástand verður metið í morgunsárið og þegar veður lægir.